

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um ættleiðingar. 68. mál, heildarlög.

Í umsögn þessari verður eingöngu fjallað um 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um hverjir geta verið ættleiðendur. Verður það gert út frá jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar annars vegar, og hagsmunum og réttindum barna hinsvegar, eins og þau eru skilgreind í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Af 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um hverjir geta verið ættleiðendur má ráða að samkynhneigðir einstaklingar í staðfestri samvist séu þar undanskildir. Samkvæmt frumvarpinu er því samkynhneigðu pari í staðfestri samvist hvorki heimilt að sækja um að frumættleiða barn, né getur annar aðili staðfestrar samvistar sótt um að stjúpættleiða barn hins.

Útilokun sú sem kemur fram í þessari grein frumvarpsins samræmist vart jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar (65. gr), þar sem kveðið er á um að "Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti." (Lög nr. 33/1944 breytt með lögum nr. 97/1995.) Með þessu ákvæði er einnig verið að mismuna börnum eftir kynhneigð foreldris þess og því sambúðarformi sem það hefur valið, en í 2. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1. málsgrein, segir; "Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris eða lögráðamanns þess."

Í 21. gr. samningsins um réttindi barnsins segir "Aðildarríki sem viðurkenna og/eða leyfa ættleiðingu skulu tryggja að fyrst og fremst sé litið til þess sem barni er fyrir bestu..." Bann við stjúpættleiðingu barns sem bþr við það fjölskylduform að alast upp hjá kynforeldri sínu og maka þess í staðfestri samvist gengur beinlínis gegn hagsmunum barnsins sem í hlut á. Réttarstaða barnsins gagnvart uppáendum þess er ófullkomin. Barninu er einungis tryggð forsjá sambúðarmaka kynforeldris síns með lögum um staðfest samvist nr. 87/1996. En viðurkennt hefur verið að forsjárskylda maka kynforeldris sem sett er fram í 3. málsgrein 30. greinar barnalaga nr. 20/1992 eigi jafnt við um staðfesta samvist og óvígða sambúð eða hjúskap. Barnið nþtur hins vegar ekki erfðaréttar, auk þess sem það bþr við óvissu í réttarstöðu gagnvart sambúðarmaka kynforeldris síns við fráfall kynforeldris.

Í frumvarpinu er ekki settur fram rökstuðningur fyrir því að útiloka pör í staðfestri samvist frá því að geta verið ættleiðendur. Verður því að krefjast þess að löggjafinn setji fram rök sem sþna fram á að bann skuli ríkja við því að pör í staðfestri samvist geti sótt um að vera ættleiðendur barna. Rök sem sþna fram á að bann þetta sé nauðsyn vegna einhverra mikilsverðra hagsmuna sem hafa meira vægi en þeir að tryggja sem best réttarstöðu allra barna, jafnræði þeirra á milli og jafnframt það að víkja megi frá þeirri meginreglu að það sem börnum er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem þau varða.

Í 29. grein samningsins um réttindi barnsins 1. málsgrein, segir eftirfarandi: "Aðildarríki eru sammála um að menntun barns skuli beinast að því að: d) Undirbúa barn til að lifa ábyrgu lífi

í frjálssu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli þjóða, þjóðháttá-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum."

Með banni við því að þör í staðfestri samvist geti verið ættleiðendur er ekki eingöngu verið að mismuna þeim einstaklingum sem búa við slíkt fjölskylduform hvað lagalega stöðu varðar. Hvað varðar félagslega stöðu þeirra vísar þetta bann til þess viðhorfs að þetta fjölskylduform sé ekki jafn eðlilegt og önnur og skuli ekki njóta sömu viðurkenningar. Ennfremur, að barnið sé að alast upp við aðstæður sem teljist óvenjulegar og að þeir einstaklingar sem eru uppalendur þess séu ekki að fullu hæfir til að gegna því hlutverki. Slíkt viðhorf til staðfestrar samvistar og fjölskyldna sem myndast við slík sambönd er í algjörrri andstöðu við það markmið að stuðla að því með menntun og eftir öðrum leiðum að börn geti lifað í samfélagi sem einkennist af anda skilnings og umburðarlyndis.

Í umsögn um 2. gr. frumvarpsins segir "skal á það bent að skv. 1. mgr. 6.gr. laga um staðfesta samvist nr. 87/1996, er þeim samkynja einstaklingum sem lögin taka til eigi heimilt að ættleiða barn saman. Hliðstæð ákvæði eru í öðrum norrænum lögum um þetta efni. Umboð sífjalaganefndar nær ekki til þess að endurskoða þessa skipan, en dómsmálaráðuneytið telur eðlilegast að um hana verði fjallað í norrænu lagasamstarfi."

Ekkert mælir gegn því að íslensk stjórnvöld taki forystu í norrænu lagasamstarfi og móti fordæmi sem önnur lönd gætu fylgt. Ennfremur skal á það bent að í Danmörku voru hinn 20. maí 1999 samþykkt lög sem heimila samkynhneigðum þörum stjúpættleiðingar. (Lög nr. 360 2. júní 1999 um breytingu á lov nr. 372/1989 um registeret partnerskab.)